

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. apríl staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 3. júlí 1967 um landnotkun í Sogamýri, að svæðið sunnan Gnoðarvogs, norðan Miklubrautar og austan Skeiðavogs, sem ætlað var til útivistar, verði tekið undir íbúðasvæði, þjónustu og útivist.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir og verið staðfestur af borgarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 249.

28. apríl 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorskflök framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorskflök framleidd á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1982:

Söltuð þorskflök:		U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A	700/up	3 850,00
—	— 400/700	3 650,00
—	— 200/400	3 450,00
—	— 100/200	3 050,00
Flokkur B	700/up	3 400,00
—	— 400/700	3 200,00
—	— 200/400	2 800,00
—	— 100/200	2 400,00

Verðbil verði 2%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.